

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 – 1999

Nr. 4

8

3. mars 1999

LÖG

**um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirgreind tollskrárnúmer falla brott úr C-lið viðauka I við lögin: 8426.1201, 8426.1209, 8426.1900, 8426.2000, 8426.3000, 8426.4101, 8426.4109, 8426.4900, 8426.9100 og 8426.9900.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara skulu taka til allra vara sem ótollafgreiddar eru við gildistöku þeirra, þó ekki vara sem afhentar hafa verið með bráðabirgðatollafgreiðslu, svo og til allra innlendra framleiðsluvara sem ekki hafa verið seldar eða afhentar þann dag.

Gjört á Bessastöðum, 3. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.